



## Jólavertíðin góð þrátt fyrir ómíkron

*Nýtt afbrigði veirunnar og sóttvarnaraðgerðir virðast ekki hafa haft mikil áhrif á venjur fólks í desembermánuði. Neyslan mældist meiri en í hefðbundnum desembermánuði fyrir faraldur.*

Seðlabanki Íslands birti í gær gögn um veltu innlendra greiðslukorta í desember.<sup>1</sup> Samanlagt jókst kortavelta um 14% milli ára miðað við fast gengi og fast verðlag. Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands tæplega 92 mö.kr. og jókst um 6% milli ára á föstu verðlagi. Kortavelta Íslendinga erlendis nam tæplega 18 mö.kr. og jókst um 90% milli ára miðað við fast gengi.


Í október og nóvember mældist aukningin heldur meiri, eða 20% alls milli ára í nóvember og 24% í október. Það kann að vera að fjölgun smita með tilkomu ómíkronafbrigðis veirunnar í byrjun desember hafi dregið eitthvað úr neyslu í mánuðinum. Það er þó erfitt að fullyrða um slíkt þar sem neyslan mælist heldur meiri en í desember 2019, bæði innanlands og erlendis. Innanlands mælist aukningin 11% miðað við desembermánuð 2019 og erlendis 4% að raunvirði.

### Ný bylgja faraldursins haft misjöfn áhrif

Kortavelta eftir útgjaldaliðum sýnir að aukningin milli ára er meiri í kaupum á þjónustu en vörum. Kaup Íslendinga á þjónustu ferðaskrifstofa nær þrefaldaðist milli ára í desember, sem er þó minnsti vöxtur milli ára síðan í ágúst og mögulega til marks um að hertar sóttvarnaraðgerðir um heim allan hafi dregið úr ferðaáhuga fólks. Sé miðað við desember 2019 mælast kaup á þjónustu ferðaskrifstofa 20% minni.


Sóttvarnaraðgerðir innanlands virðast ekki hafa dregið mikið úr ásókn Íslendinga á veitingastaði þar sem kortaveltan mældist 5% meiri en í desember 2019 miðað við fast verðlag. Kaup á þjónustu frá menningarstarfsemi mældist þó 15% minni en í desember fyrir faraldur og því misjafnt hvernig ný bylgja faraldursins rétt fyrir jólagið á ólíka

### Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirð með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirð með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Kortavelta Íslendinga innanlands í desember



Greiðslukortavelta raunvirð með viðeigandi undirlíð VNV. Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

<sup>1</sup> Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.



útgjaldaliði. Mögulega eiga áhrifin eftir að verða skýrari í janúar þar sem smitum hefur fjölgað mikið frá jólum.

### Vísbendingar um kraftmikinn vöxt einkaneyslu

Á fjórða ársfjórðungi jókst kortavelta alls um tæp 19% milli ára. Þróun kortaveltu er ágætis vísbending um þróun einkaneyslunnar. Á þriðja ársfjórðungi jókst kortavelta um 11,5% milli ára og einkaneysla um 6,1% og má því gera ráð fyrir talsverðum vexti einkaneyslu á fjórða ársfjórðungi.


Þegar árið í heild er skoðað sést að kortavelta Íslendinga nam alls 1.093 mö.kr. á verðlagi og gengi desembermánaðar 2021 og mælist 12% meiri en árið 2020 og 5% meiri en árið 2019. Allt árið í fyrra mældist uppsöfnuð kortavelta meiri en árið 2020, ef frá eru taldir janúar og febrúar.

Það var svo um mitt árið sem uppsöfnuð kortavelta tók fram úr samsvarandi veltu árið 2019, enda voru margir þá fullbólusettir, farið var að létta á sóttvarnaraðgerðum innanlands og ferðalög til útlanda urðu algengari. Uppsöfnuð kortavelta Íslendinga erlendis nam alls 157 mö.kr. á árinu og jókst um 40% milli ára, en mældist 23% lægri en á árinu 2019.

### Enn ríkir þó mikil óvissa


Það er ekki að sjá annað af þessari umfjöllun en að neysla mælist nokkuð kraftmikil, þrátt fyrir nýtt afbrigði veirunnar og hertar aðgerðir. Það verður fróðlegt að sjá hvert framhaldið verður. Vöxturinn hefur á síðustu mánuðum verið drifinn áfram af auknum þjónustukaupum og ferðalögum til útlanda, og þegar þetta er ritað ríkir mikil óvissa um framhald sóttvarnaraðgerða, innanlands sem erlendis.

### Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Uppsöfnuð kortavelta



Greiðslukortavelta innanl. á föstu verðlagi desembermánaðar 2021. Kortavelta erl. á föstu gengi desembermánaðar 2021. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.